

Nd. **386. Frumvarp til laga** [193. mál]
um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

16. gr. 1. málsg. g-liður falli brott. 1. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu veita þeim konum fullan rétt til fæðingarorlofs sem hingað til hefur verið synjað um greiðslur vegna ákvæða g-liðar 1. málsg. 16. gr.

Greinargerð.

Í g-lið 1. málsg. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið svo á, að bætur skuli ekki greiðast þeim, sem á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærrí tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Þetta skerðingarákvæði bitnar í raun yfirleitt á giftum konum, sem verða þá að sætta sig við að njóta engra bóta vegna missis eigin atvinnutekna. Þá hefur þetta skerðingarákvæði einnig haft áhrif á fæðingarorlofsgreiðslur úr sjóðnum.

Í báðum tilfellum verður að teljast óeðlilegt að bótagreiðslur úr sjóðnum ákvarðist af tekjumarki maka.

Minna má á, að sjóðsfélagar greiða í sjóðinn sem einstaklingar, á grundvelli eigin vinnu, og hefur hjúskaparstétt eða tekjur maka engin áhrif á iðgjaldagreiðslur. Flm. telur því sanngjarnt, að umrætt skerðingarákvæði verði numið úr lögum.